

Fundur var haldinn í Epsilondeild laugardaginn 16. nóvember 2013 í Vatnsholti í Flóa. Sigrún Jóhannesdóttir úr Deltadeild kynnti námskeið á innra starfi deilda fyrir okkur. Fræðslufundaprógramm Delta Kappa Gamma stjarna.

Ein deild (Lambda) hefur fengið fyrirlestur hjá Sigrúnu.

Hún lét okkur ræða saman um hvernig við vildum hafa fundina ef við breyttum einhverju. Við vorum sammála um að við værum frekar ánægðar með okkar starf.

Sigrún dreifði pappírum sem fjölluðu um eflingu félagsstarfs. Þetta eru leiðarstjörnur til að nýta vel. Leiðtogatígull þar sem toppurinn (efsti oddurinn) táknar okkur sjálfar.

Hún lét okkur setja okkur sjálfar inn í leiðtogatígulinn.

Hún benti okkur á að það væri þrotlaus vinna hjá okkur alla ævi að halda tíglunum réttum. Einnig benti hún okkur á að allir lyklar væru tvívirkir – þeir bæði lokuðu og opnuðu.

Hún fór yfir hugarlása og sagði að allar heilbrigðar manneskjur hefðu frjálsan vilja.

Hún talaði um skapandi forystu og að árangursríkir leiðtogar skoðuðu 15 atriði sem þeir gerðu dag hvern.

Hún hvatti okkur til að nýta hugmyndir til að efla stjórnina eða deildina hjá okkur.

Að lokum lét hún okkur leysa ýmsar þrautir, bæði hug- og hlutlægar.